

RAWX2.5TURBO.S

# RAW blandari Turbo

49.950 kr.



RAW X2.5 hestafla TURBO blandari með 2 lítra BPA fríri blandarakönnu. Snýst 10.000-36.000 snúninga á mínútu.

- Kraftmikill blandari sem snýst allt að **36.000** snúninga á mínútu með sterkbyggðum **1800W / 2,5** hestafla hágæðamótor.
- Óbrjótanleg **BPA frí** 2,2 lítra Carbon plastkanna.
- **6 blaða** hárbeyttur hnífur úr kolefnisríku stáli sem heldur biti sínu í áráraðir.
- 3 ára ábyrgð
- Öryggislok
- **Hljóðlátur**
- **SlowStart** hægræsing
- 46 cm hár, 19 cm breiður og 23 cm á dýpt. Vegur 4,7 kg

RAW X2.5 TURBO er kraftmikill blandari sem nær allt að 36.000 snúningum á mínútu og ræður léttilega við frosna ávexti, klaka og fræ. Þessi blandari er því tilvalinn í hristinga, smoothies, ávaxtablöndur, hnetusmjör og hnetumjólk og heitar súpur. Hann hentar því vel í hráfæði og þolir notkun í áráraðir. Kraftmikill 1800W 2,5 hestafla mótor Óskir þú eftir að fá örfína og silkimjúka blöndu, jafnvel úr harðgerðu hráefni, er þörf á aflmiklu tæki sem ræður vel við verkið. Þessi blandari er ekki aðeins búinn einum kraftmesta mótornum á markaðnum sem skilar 2,5 hestöflum, heldur er einnig vandað til verks við byggingu blandarans. Allur drif-búnaður, hljóðeinangrun og öryggisbúnaður er af vönduðustu gerð. Notast er við SKS kúlulegur frá Þýskalandi og Eastman Tritan Polykarbonat plastkönnu án BPA efna sem er nær óbrjótanleg. 6 blaða flugbeyttur hnífur Hnífurinn er margtenntur og með 6 blöðum og ræður jafnvel við mikið magn af hnetum, korni, baunum og klökum. Hann er gerður úr kolefnaríku stáli og heldur biti sínu um ókomin ár. Einfaldur í notkun Hægt er að stilla hraðann að vild með hraðastýringunni og hægt er að velja flýtihraðainngjöf með einföldum hætti.

**Rafha**

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík

Sími: 588-0500

rafha@rafha.is

[www.rafha.is](http://www.rafha.is)